



TILRAUNAFRAMLEIÐSLA VETNIS Á GRUNDARTANGA - MATSKYLDUFYRIRSPURN

Viðbrögð við umsögnum og athugasemdum

23216

https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint_0/Project2319/Documents/Umsagnir/júní23_Matskyl/dufyrirspurn_umsagnir_Qair.docx

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1.	29.6.2023	BS/HFK	HFK	BS

Unnið af:

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is

Unnið fyrir:



Qair Iceland
Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík

1 Inngangur

Matskyldufyrirspurn um tilraunframléiðslu vetnis á Grundartanga var til umsagnar 4. maí 2023 og var veittur frestur til 1. júní. Skipulagsstofnun leitaði til eftirtalinnna aðila og óskaði eftir að þeir veittu umsögn um málið: Hvalfjarðasveit, Akraneskaupstaður, Kjósarhreppur, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (Brunavarnasvið), Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Samgöngustofa, Umhverfisstofnun, Vegagerðin og Vinnueftirlit ríkisins.

Á tímabilinu bárust alls 10 erindi og þau seinustu bárust þann 19. júní. Í þessu skjali verður gerð grein fyrir umsögnum sem komu fram og viðbrögðum við þeim. Umsagnir bárust frá sjö stofnunum, tveimur sveitarstjórnnum og einu heilbrigðiseftirliti. Atriðin eru flokkuð eftir aðilum sem sendu inn umsagnir og athugasemdir.

Framsetning er með þeim hætti að viðkomandi umsögn er birt og viðbrögð við henni þar fyrir neðan í þeirri röð sem þau koma fyrir í töflu.

Tafla 1 Yfirlit yfir aðila sem sendu inn umsagnir eða athugasemdir

1	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	6	Náttúrufræðistofnun Íslands*
2	Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS)	7	Vegagerðin*
3	Hvalfjarðarsveit	8	Vinnueftirlit ríkisins
4	Minjastofnun Íslands*	9	Akraneshreppur*
5	Umhverfisstofnun	10	Orkustofnun

* Umsögn krefst ekki viðbragða

2 Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Í umsögn segir:

„Heilbrigðiseftirlitið telur að mestu nægjanlega gert grein fyrir framkvæmdinni en skýrara væri að geta um hvers konar mengunarvarnabúnað fyrirtækið hyggst setja upp vegna olíu í fráveitu. Stærsta umhverfisáhrifin af starfsemi virðist vera eldhætta og sprengihætta. Því þarf að leggja fram áhættumat sem skýrir áhættu aðila út frá því að allt klabbíð springi í loft upp og hvaða áhrif það hefði og hvernig svæðið er í stakk búið til að bregðast við verstu aðstæður.

Að öðru leiti er vísað í athugasemdir eftirlitsins við framléiðslu á vistvænum orkugjöfum á Grundartanga dagsettar 23. febrúar 2023.“

Viðbrögð: Þau efni sem verða til við framléiðsluna, vetni og súrefni, teljast til hættulegra efna þegar þau eru í háum styrk. Þar að auki er gert ráð fyrir að nota þurfi köfnunarefni við hreinsun kerfa en í litlu magni. Súrefni og köfnunarefni eru helstu efni í andrúmslofti og vetni er einnig til staðar í andrúmslofti og þau þynnast hratt eftir að þau eru losuð.

Notaður verður kælivökvi á tæki og búnað en ekki er reiknað með að þörf sé á að geyma olíu á svæðinu. Reikna má með að í búnaði eins og rafspennum verði olía til einangrunar og verða settar upp rotþrær til að taka við spennalíu ef leki verður. Lekabyttur og olíugildirur verða settar upp á öðrum stöðum ef þörf er á. Við hönnun verður fylgt lögum og reglugerðum sem eiga við. Mengunarvarnir verða útfærðar nánar í starfsleyfi í samræmi við það magn sem verður á svæðinu. Mögulega verður valin tækniþúnaður þar sem notaður er lútur eða frostlögur, og verða gerðar viðeigandi ráðstafanir við meðferð og geymslu efnanna ef til þess kemur, í samræmi við lög og reglur.

Í matskyldufyrirspurn, kafla 5.3.6., kemur fram að það verður framkvæmt áhættumat fyrir framleiðsluna og gerðar verða ráðstafanir til að lágmarka áhættu. Sett verður upp áhættustýring í rekstrinum, en nokkur reynsla er komin á alþjóðavettvangi af sambærilegum framleiðslueiningum. Fylgt verður ákvæðum í lögum, reglugerðum og stöðlum varðandi öryggisatriði. Áhættumatid mun liggja fyrir áður en sótt verður um byggingaleyfi.

3 Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS)

Í umsögn segir:

„Brunavarnasvið HMS gerir athugasemdir við tilkynningu frá Qair Iceland ehf. Í tilkynningu til Skipulagsstofnunar um matsáætlun er ekki gert nægjanlega grein fyrir áætlaðri framkvæmd, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum. Nauðsynlegt er að unnið verði skv. reglugerð nr. 349/2004, reglugerð um sprengifimt andrúmsloft á vinnustöðum og viðeigandi stöðum er vaða sprengifimt andrúmsloft.

Þessir þættir þurfa að vera teknir inn í áætlað áhættumat vegna efnanothunar.

Einnig vill Brunavarnasvið HMS benda á að nauðsynlegt er að framkvæmt sé áhættumat og brunahönnun fyrir mannvirkid í samræmi við 9.2.4 grein byggingareglugerðar nr. 112/2012.“

Viðbrögð: Ekki er ljóst af umsögn að hvaða leyti Brunavarnasvið HMS telur að ekki sé gerð nægilega grein fyrir áætlaðri framkvæmd, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum eða mótvægisáðgerðum. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdinni og hennar áhrifum hafi verið gerð nægilega góð skil í matskyldufyrirspurninni.

Framkvæmt verður áhættumat fyrir framleiðsluna og gerðar verða ráðstafanir til að lágmarka áhættu. Áhættumat, verklag og brunahönnun mun uppfylla kröfur í reglugerðum eftir því sem við á, m.a. reglugerð nr. 349/2004 um sprengifimt andrúmsloft á vinnustöðum og byggingareglugerð nr. 112/2012.

4 Hvalfjarðarsveit

Í umsögn segir:

„Framleiðslubúnaðurinn kemst fyrir í tveimur 40 feta gámum sem staðsettir verða á steyptri plötu, ásamt hjálparbúnaði sem tilheyrir framleiðslunni. Stækkunarmöguleiki er til að unnt verði að mæta eftirspurn eftir vetni í samgöngum ef til þess kemur. Að mati Hvalfjarðarsveitar mætti koma skýrar fram hverjir mögulegir stækkunarmöguleikar framleiðslunnar eru.“

Viðbrögð: Ef til stækkunar kemur væri um að ræða tvöföldun á framleiðslunni í samræmi við töflu 2 í kafla 3.1 í matskyldufyrirspurn. Ekki mun koma til frekari stækkunar á þessu forverkefni. Unnið er að umhverfimat fyrir umfangsmeiri framleiðslu á rafeldsneyti á Grundartanga í samræmi við matsáætlun sem send var til Skipulagsstofnunar í janúar 2023.

Í umsögn segir:

„Fyrir vetnisframléiðslu með 5 MW rafgreini er ársframléiðsla um 750 tonn og mikilvægustu aðföng eru rafmagn og vatn og skv. magntölum (tafla 2 í skýrslunni) er talað um allt að 12 MW og 2.000 lítra af vatni á klst. Hvalfjarðarsveit bendir á, að þrátt fyrir góða innviði á Grundartanga þá er ekki um ótakmarkaðar auðlindir að ræða og því m.a. nauðsynlegt að gera betur grein fyrir vatnsöflun og öflun raforku fyrir verkefnið.“

Viðbrögð: Qair vinnur að samningi við Faxaflóahafnir um vatnsnotkun í framleiðsluna. Til að byrja með verður samið um vatn fyrir fyrri hluta verkefnisins, eða um 1000 l/klst. Samkvæmt upplýsingum sem fengist hafa getur núverandi vatnsveita annað notkun fyrir þörf forverkefnis.

Qair vinnur að samningi um afhendingu á orku fyrir tilraunaverkefnið og um tengingu vegna orkuafhendingar.

Í umsögn segir:

„Hvalfjarðarsveit bendir einnig á verndarsvæði í nágrenni framkvæmdarsvæðisins en þar eru svæði á náttúruminjasrá vegna fjölbreytts landslag, fuglalífs, fjöruvistgerða og sela. Einnig er Hvalfjörður skilgreindur alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (Important Bird Areas). Að mati Hvalfjarðarsveitar þarf álit sérfræðinga á því hvort fyrirhuguð framleiðsla hafi áhrif lífríki og/eða vistgerðir.“

Viðbrögð: Í matskyldufyrirspurn segir að framleiðslan sé ekki þess eðlis að hún hafi truflandi áhrif á fugla eða lífríki í fjörunni. Staðsetning verður utan við afmarkað svæði á tillögu NÍ að B-hluta náttúruminjasrá. Einnig er staðsetningu utan við svæði nr. 235 á C-hluta náttúruminjasrá. Samkvæmt niðurstöðum matskyldufyrirspurnar er talið að vegna umfangs og staðsetningar muni framkvæmdin hafa óveruleg áhrif á bæði vatn og lífríki annars vegar og gróðurfar og ásýnd hins vegar. Í umsögn Umhverfisstofnunar segir að stofnunin telji að í fyrirspurninni sé gerð nægjanleg grein fyrir þeim umhverfisáhrifum sem framkvæmdin geti haft. Samkvæmt umsögn Náttúrufræðistofnun Íslands þá telur stofnunin að nægjanlega vel sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og tekur undir að hún sé ekki líkleg til að hafa veruleg umhverfisáhrif.

Í umsögn segir:

„Hvað varðar hljóðvist, þá er tekið fram að hávaði frá tækjabúnaði verði undir viðmiðunarmörkum reglugerða. Hvalfjarðarsveit vill beina því til Skipulagsstofnunar að gerðar verði hljóðvistarmælingar á Grundartanga en talsvert hefur borið á því að kvartanir berist vegna hávaðamengunar frá svæðinu. Það er því ljóst að þó hávaði sé innan skilgreindra marka, þá hefur hann áhrif og veldur óþægindum langt út fyrir framkvæmdasvæðið.“

Viðbrögð: Í matskyldufyrirspurn segir að áhrif á hljóðvist séu metin óveruleg þar sem einhver hávaði verður frá tækjabúnaði en hann verði undir viðmiðunarmörkum reglugerða. Jafnframt er greint frá því að sem mótvægisáðgerð verði hugað að hljóðvist við hönnun og uppsetningu stöðvarinnar. Ef mælingar sýna að hávaði uppfylli ekki ákvæði reglugerða á rekstrartíma er mögulegt að bregðast við með því að skerma tækjabúnað eða starfsemina enn frekar af.

Í umsögn segir:

„Í tilkynningunni er talað um að gengið verði frá hættulegum efnum þannig að ekki sé hætt á að þau berist út í umhverfið og valdi mengunaróhöppum. Það mætti koma skýrar fram um hvaða hættulegu efni er verið að ræða.“

Viðbrögð: Þau efni sem verða til við framleiðsluna, vetni og súrefni, teljast til hættulegra efna þegar þau eru í háum styrk. Þar að auki er gert ráð fyrir að nota þurfi köfnunarefni við hreinsun kerfa en í litlu magni. Súrefni og köfnunarefni eru helstu efni í andrúmslofti og vetni er einnig til staðar í andrúmslofti og þau þynnast hratt eftir að þau eru losuð.

Notaður verður kælivökvi á tæki og búnað en ekki er reiknað með að þörf sé á að geyma olíu á svæðinu. Reikna má með að í búnaði eins og rafspennum verði olía til einangrunar og verða settar upp rotþrær til að taka við spennaolíu ef leki verður. Lekabyttur og olíugildir verða settar upp á öðrum stöðum ef þörf er á. Við hönnun verður fylgt lögum og reglugerðum sem eiga við. Mengunarvarnir verða útfærðar nánari í starfsleyfi í samræmi við það magn sem verður á svæðinu. Mögulega verður valin tækibúnaður þar sem notaður er lútur eða frostlögur, og verða gerðar viðeigandi ráðstafanir við meðferð og geymslu efnanna ef til þess kemur, í samræmi við lög og reglur.

Í umsögn segir:

„Þá er rætt um fornleifar og þjóðminjavernd og það orðað sem svo að ólíklegt sé að þær minjar sem fyrir eru raskist. Hvalfjarðarsveit finnst mikilvægt að framkvæmdaraðili tryggji að ekki verði röskun minja við framkvæmdina og að náíð samráð verði haft við Minjastofnun Íslands þar sem staðsetning framléiðslunnar gæti haft áhrif á fornminjar.“

Viðbrögð: Í matskyldufyrirspurn er framkvæmdin talin hafa óveruleg áhrif á menningarmínjar þar sem svæðið sem framléiðslueiningar taka er um 1.150 m² að stærð og liggur utan þekkra minja. Í umsögn Minjastofnunar Íslands gerir stofnunin ekki athugasemdir við matskyldufyrirspurnina. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks verður framkvæmdin stöðvuð og Minjastofnun verður látin vita.

Í umsögn segir:

„Vegna sprengihættu leggur Hvalfjarðarsveit ríka áherslu á að gert verði áhættumat fyrir framléiðsluna. Einnig þarf að staðsetja útblástur súrefnis þannig að ekki skapist hætta fyrir fólk og dýr, en hreint súrefni er varasamt fyrir lífverur.“

Viðbrögð: Eins og fjallað er um í kafla 5.3.6. verður framkvæmt áhættumat fyrir framléiðsluna og gerðar verða ráðstafanir til að lágmarka áhættu. Sett verður upp áhættustýring í rekstrinum, en nokkur reynsla er komin á alþjóðavettvangi af sambærilegum framléiðslueiningum. Fylgt verður ákvæðum í lögum, reglugerðum og stöðlum varðandi öryggisatriði. Áhættumatið mun liggja fyrir áður en sótt verður um byggingaleyfi.

Í umsögn segir:

„Í umfjölluninni er vísað í aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020. Nýtt aðalskipulag hefur öðlast gildi og því mikilvægt að uppfæra upplýsingar til samræmis við það.“

Viðbrögð: Qair þakkar ábendinguna. Aðalskipulagið tók gildi eftir að matskyldufyrirspurn var send til umsagnar. Í áframbaldandi vinnu við verkefnið verður tekið mið að nýju Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar en breytingin hefur ekki áhrif á verkefnið að svo stöddu.

Í umsögn segir:

„Í deiliskipulagi er afmarkaður byggingarreitur og falla mannvirkin undir skilmála sem þar eru settir fram. Rætt er um að mögulega verði valin staðsetning utan byggingareitar en þá þarf að óska eftir breytingu á deiliskipulagi.“

Sækja þarf um byggingarleyfi til Hvalfjarðarsveitar.

Að þessum skilyrðum uppfylltum telur Hvalfjarðarsveit ólíklegt að framkvæmdin valdi verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum í skilningi laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.“

Viðbrögð: Qair þakkar fyrir ábendinguna. Ef valin verður staðsetning utan byggingareitsins, verður óskað eftir breytingu á deiliskipulagi. Það verður gert í samráði við Faxaflóahafnir og Hvalfjarðarsveit. Sótt verður um byggingaleyfi til Hvalfjarðarsveitar.

5 Minjastofnun Íslands

Umsögn kallar ekki á viðbrögð.

6 Umhverfisstofnun

Í umsögn segir:

„[...] Gert er ráð fyrir að hægt sé að stækka framkvæmdina. Þó er óljóst hvað áætlað er að stækkunin sé mikil þar sem ósamræmi gætir í köflum 1 og 2.1 þar sem talað er um möguleika á stækkun um helming, en í töflu 2 má sjá upplýsingar um magntölur miðað við allt að tvöföldun framkvæmdarinnar.“

„Umhverfisstofnun telur að í fyrirspurninni sé gerð nægjanleg grein fyrir þeim umhverfisáhrifum sem framkvæmdin geti haft. Í fyrirspurninni er þó ekki ljóst hvort gert sé ráð fyrir möguleika á stækkun framkvæmdarinnar um helming eða tvöföldun hennar. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.“

Viðbrögð: Qair þakkar ábendingu um ósamræmið. Ef til stækkunar kemur væri um að ræða tvöföldun á framleiðslunni í samræmi við töflu 2.

7 Náttúrufræðistofnun Íslands

Umsögn kallar ekki á viðbrögð.

8 Vegagerðin

Umsögn kallar ekki á viðbrögð.

9 Vinnueftirlit ríkisins

Í umsögn segir:

„Vinnueftirlitið hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina fyrir sitt leiti á þessu stigi, en minnir á að við hönnun, framkvæmdir og vinnslu í verksmiðjunni þarf að taka tillit til laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Um starfsemina eða hluta hennar gilda jafnframt eftirfarandi reglugerðir sem heyra undir stofnunina og taka þarf tillit til:

- nr. 581/1995 um Húsnæði vinnustaða
- nr. 1005/2009 um Vélar og tæknilegan búnað
- nr. 553/2004 um Verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum
- nr. 390/2009 um Mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum
- nr. 1077/2010 um Flutning á hættulegum farmi á landi
- nr. 727/2018 um Tæki sem brenna gasi, ef gas verður notað

□ nr. 1050/2017 um Varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, meta þarf hvort magn hráefna sem geymt er geri að verkum að starfsemin falli undir þessa reglugerð.

Vinnueftirlitið tekur fram að verja þarf starfsmenn fyrir skaðlegum áhrifum hættulegra efna, ef þau eru til staðar. Fylgjast þarf með magni efna í vinnuumhverfinu og tryggja að styrkur sé innan marka sem getið er í reglugerðum nr. 390/2009 og reglum nr. 429/1995.“

Viðbrögð: Qair þakkar umsögnina og ábendingar um lög og reglur sem gætu átt við starfsemina. Hönnun, verklag og starfsemi verða unnin í samræmi við lög og reglugerðir sem Vinnueftirlit ríkisins nefnir að því marki sem við á, sem og öðrum sem kunna að eiga við.

10 Akraneshreppur

Umsögn kallar ekki á viðbrögð.

11 Orkustofnun

Í umsögn segir:

„Samkvæmt 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög), er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Orkustofnunar hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum. Með auðlindum er í lögunum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við. Grunnvatn er skv. auðlindalögum skilgreint sem vatn neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi. Nýting grunnvatns, hvort sem það er ferskt eða salt, kalt eða heitt er því háð framangreindu leyfi Orkustofnunar.“

„Orkustofnun vísar til umsagnar stofnunarinnar, dags. 3. mars sl., um matsáætlun sama fyrirtækis vegna áforma um vetnisframléiðslu á sama stað, en þar taldi stofnunin þörf á að bæta upplýsingar varðandi aðgengi að vatni, og hvaðan áformað væri að afla vatns til framléiðslunnar og hvernig raforkuþörf vegna starfseminnar verði sinnt. Jafnframt var þar bent á að framkvæmdir vegna styrkingar flutningskerfis þyrftu að vera tilgreind í kerfisáætlun Landsnets, sem jafnframt væri háð umhverfismati áætlana.“

Í lýsingu í greinargerð framkvæmdaraðila vegna þessarar matsskyldufyrirspurnar er tilgreint að aðgengi að ferskvatni sé til staðar en þess hvergi getið hvaðan þess verður aflað. Að sönnu er ekki um mikið vatn að ræða (skv. lýsingu allt að 0,56 l/s) en lengi hefur gætt vandkvæða við öflun vatns til þeirrar starfsemi sem fyrir er á Grundartanga og því telur Orkustofnun rétt að ítreka fyrri ábendingar vegna þessarar starfsemi.“

Viðbrögð: Qair vinnur að samningi við Faxaflóahafnir um vatnsnotkun í framléiðsluna. Til að byrja með verður samið um vatn fyrir fyrri hluta verkefnisins, eða um 1000 l/klst. Samkvæmt upplýsingum sem fengist hafa getur núverandi vatnsveita annað notkun fyrir fyrri hluta forverkefnis.

Í umsögn segir:

Þá vísar Orkustofnun til þess að þrátt fyrir að lýsingar í greinargerð fjalli um 5 MW framléiðslueiningu og lagningu 6 MW rafstrengs vegna þessa, eru áformin upp á tvær slíkar og út frá þeim tölum sem tilgreindar eru í greinargerðinni má gera ráð fyrir 12 MW orkuþörf. Þó að nokkrar raflínur liggja til fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis er ekki tilgreint í lýsingu hvort nægileg flutningsgeta sé fyrir þessa viðbót frá þeirri starfsemi sem nú þegar

er á svæðinu, ellegar hvort þörf sé á styrkingu flutningskerfis og/eða dreifikerfis vegna þessa.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við framlögð gögn. Stofnunin tekur fram að hún tekur ekki afstöðu til þess hvort framkvæmdin skuli háð umhverfismati.“

Viðbrögð: Qair vinnur að samningi um afhendingu á orku fyrir forverkefnið og um tengingu vegna orkuafhendingar.